**145. löggjafarþing 2015–2016.**
**Þingskjal 684 — 1. mál.**
**3. umræða.**

# Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2016.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (VigH, GÞÞ, ÁsmD, HarB, PJP, ValG).

Við 1. gr.

a. Á eftir liðnum „Sala eigna“ komi nýr liður „Fjármagnstilfærslur“, með tveimur undirfyrirsögnum, svohljóðandi:
   Stöðugleikaframlög á móti minni tekjum af bankaskatti.
   Stöðugleikaframlög, önnur.
b. Í stað liðarins „Frumjöfnuður“ komi tveir nýir liðir með svohljóðandi fyrirsögnum:
   Frumjöfnuður án tekna af stöðugleikaframlögum.
   Frumjöfnuður með tekjum af stöðugleikaframlögum.
c. Í stað liðarins „Vaxtajöfnuður“ komi tveir nýir liðir með svohljóðandi fyrirsögnum:
   Vaxtajöfnuður án tekna af stöðugleikaframlögum.
   Vaxtajöfnuður með tekjum af stöðugleikaframlögum.
d. Í stað liðarins „Heildartekjujöfnuður“ komi tveir nýir liðir með svohljóðandi fyrirsögnum:
   Heildartekjujöfnuður án tekna af stöðugleikaframlögum.
   Heildartekjujöfnuður með tekjum af stöðugleikaframlögum.

## Greinargerð.

Lagðar eru til breytingar á framsetningu greinarinnar til að aðgreina áhrif stöðugleikaframlaga frá hefðbundnum ríkisrekstri.